

## Gríptu boltann

Fundur í tengslum við átaksverkefni RML og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verður haldinn í Dalabúð föstudaginn 24. ágúst kl. 13-15.

Forsvarsáðilar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, í samstarfi við RML, hafa ákveðið að hrinda af stað verkefni sem hefur það að markmiði að hvetja til nýsköpunarstarfs í sveitum. Leitast verður við að miðla þekkingu og reynslu þeirra sem þegar hafa farið af stað með nýsköpunarverkefni og styða við hugmyndavinnu og þróun verkefna frá hugmynd til raunveruleika.

Markhópur verkefnisins eru bændur á lögbýlum sem eru að velta fyrir sér sölu á hvers kyns framleiðslu eða þjónustu, hvort sem það er á sviði fullvinnslu landbúnaðarafurða eða á öðrum sviðum atvinnulífs.

Verkefninu verður hrundið af stað með fundaherferð. Í framhaldinu verður boðið upp á aðstoð ráðunauta við mótun hugmynda og við áætlanagerð og ekki síst við umsóknaferli til Framleiðnisjóðs. Áhersla verður lögð á að hvetja bændur til að hrinda úr vör hugmyndum sem mögulega hafa verið lengi í farvatninu en ekki komist til framkvæmdar.

Á fundinum verða haldnir fyrirlestrar um markmiðasetningu, reynslu fólks sem hefur ástundað vöruþróun eða tekist á við óhefðbunda atvinnuuppbyggingu á sínum jörðum, ásamt leiðbeiningum varðandi styrki þá sem leita má eftir til nýsköpunar.

Í framhaldi þessara funda stendur fundargestum sem uppfylla skilyrði Framleiðnisjóðs varðandi styrkveitingar, til boða að fá niðurgreidda aðstoð við vinnslu umsókna til sjóðsins.

Aðalfyrirlesari fundanna er Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta. Að auki verða fengnir til leiks reynsluboltar í sölu afurða beint frá býli, sem munu miðla af reynslu sinni varðandi þróun og markaðssetningu vara og þjónustu.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu RML ([www.rml.is](http://www.rml.is)).



## DALAPÓSTURINN

11. tölublað, 11. árgangur

20. ágúst 2018

### Nýr sveitarstjóri Dalabyggðar

Kristján Sturluson sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu hefur verið ráðinn sveitarstjóri Dalabyggðar.

Kristján hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum. Hann var sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðarbæjar frá 2013 til 2016, gegndi starfi framkvæmdastjóra Rauða krossins á Íslandi um átta ára skeið og þar áður var hann framkvæmdastjóri mannauðs- og umhverfismála hjá Norðuráli á Grundartanga. Hann hefur einnig verið stundakennari við Háskóla Íslands. Kristján er félagsráðgjafi og sálfræðingur að mennt og hefur einnig lokið MBA prófi frá Háskóla Íslands.

Kristján er giftur Sigrúnu M. Arnarsdóttur launafulltrúa og eiga þau tvö uppkominn börn og eitt barnabarn.

Kristján mun hefja störf þann 1. september.

### Ráð, nefndir og fulltrúar Dalabyggðar

Kosið hefur verið í ráð, nefndir og og fulltrúa Dalabyggðar. Upplýsingar um hverjir sitja í ráðum og nefndum, ásamt því hverjir eru kjörnir fulltrúar í samstarfsnefndum ofl. á vegum Dalabyggðar er að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur